

# Ríkisútvarpið ohf.

Samandreginn árshlutareikningur

**1.1.2016 - 30.6.2016**



Ríkisútvarpið ohf.  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
kt. 600307-0450

---

## Efnisyfirlit

Könnun og áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um eigið fé	8
Skýringar	9-16

---

# Könnunaráritun óháðra endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Ríkisútvarpsins ohf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Ríkisútvarpsins fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 30. júní 2016. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru fyrst og fremst ábyrg fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnun okkar.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um "könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum". Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árs hlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur félagsins sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 "Árs hlutareikningar".

## Ábending

Við viljum vekja athygli á skýringu 13 með árs hlutareikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi félagsins. Ef eiginfjárhlutfall félagsins verður enn undir mörkum lánasamninga við birtingu ársreiknings félagsins fyrir árið 2016 þá hefur Landsbankinn heimild til að gjaldfella lán félagsins.

Reykjavík, 31. ágúst 2016

## Endurskoðendapjónustan ehf.

  
Sævar Þór Sigurgeirsson  
endurskoðandi

  
Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Athygli er vakin á því að samanburðartímabilið er tíu mánuðir í rekstrarreikningi. Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. er fjölmiðlaþjónusta í almannabágu, svo sem rekstur hljóðvarps og sjónvarps.

Tap Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu nam kr. 38.153.133. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 7.069.751.176, bókfært eigið fé í lok reikningstímabilsins er kr. 401.513.534 og eiginfjárhlutfall félagsins er 5,7%.

Félagið vann að sölu bygginarréttar á lóð Ríkisútvarpsins á árinu 2015 í því skyni að létta á skuldastöðu félagsins. Þann 13. október 2015 var undirritaður samningur um sölu byggingarréttar og fór fyrsta greiðslan, 800 milljónir króna, að stórum hluta til uppgreiðslu lána. Gert er ráð fyrir að söluhagnaður byggingarréttar verði færður á yfirstandandi rekstrarári, þegar fyrirvarar verða ekki lengur fyrir hendi. Varlega áætlað söluverð er 1.600 milljónir króna.

Þá hefur Landsbankinn, aðalviðskiptabanki félagsins, gefið út yfirlýsingu þess efnis að hann muni ekki nýta heimild sína til gjaldfellingar lána vegna brota á ákvæðum lánasamninga um eignfjárhlutfall vegna tímabilsins 1. janúar 2016 til 30. júní 2016.

Fyrir liggur að þrátt fyrir nýlega sölu eigna mun Ríkisútvarpið, þegar fram líða stundir, ekki geta staðið undir greiðslum afborgana af láni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins m.v. vaxtakjör og greiðsluskilmála lánsins, væntar tekjur félagsins og kröfu um óbreytta starfsemi. Stjórn félagsins mun halda áfram að leita varanlegra lausna varðandi lánið og yfirskuldsetningu félagsins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu Ríkisútvarpsins ohf. á tímabilinu 1. janúar 2016 til 30. júní 2016 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2016. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra gefi glöggt yfirlit um fjárhagsþróun, rekstrarárangur og stöðu félagsins.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. staðfestir hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 30. júní 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2016

  
Gunnar Sturluson  
stjórnarformaður


  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

  
Jón Ólafsson

  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir

  
Friðrik Rafnsson

Mörður Árnason

  
Guðlaugur G. Sverrisson

  
Lára Hanna Einarisdóttir

  
Kristinn Dagur Gissurarson

  
Valgeir Vilhjálmsson  
fulltrúi starfsmanna

# Yfirlit um heildarafkomu fyrir reikningstímabilið 1.1.2016 - 30.6.2016

	Skýr	1.1.2016 - 30.6.2016	1.9.2014 - 30.6.2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Almannaþjónusta .....	4	1.882.500.001	2.966.020.067
Samkeppnisrekstur .....	4	1.123.152.674	1.810.466.089
		<u>3.005.652.675</u>	<u>4.776.486.156</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Almannaþjónusta .....	4	(2.477.874.677)	(3.948.062.591)
Samkeppnisrekstur .....	4	(282.630.824)	(359.633.682)
Afskriftir .....	7	(146.843.328)	(244.469.538)
		<u>(2.907.348.829)</u>	<u>(4.552.165.811)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		98.303.846	224.320.346
Vaxtatekjur .....		1.756.711	1.928.688
Vaxtagjöld .....		(169.392.622)	(285.094.232)
Gengismunur .....		21.640.649	14.164.364
Hrein fjármagnsgjöld .....	6	<u>(145.995.262)</u>	<u>(269.001.180)</u>
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b>		(47.691.416)	(44.680.834)
Tekjuskattur .....		9.538.283	8.936.167
<b>Tap og heildarafkoma</b>		<u>(38.153.133)</u>	<u>(35.744.667)</u>

\* Vakin er athygli á að núverandi reikningsskilatímabil eru sex mánuðir en samanburðarfjárhæðir eru tíu mánuðir.

# Efnahagsreikningur 30.6.2016

## Eignir

	Skýr.	30.6.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	4.554.124.082	4.552.108.441
Óefnislegar eignir .....		181.066.668	197.661.587
Samningsbundinn sýningarréttur .....	8	373.367.880	388.654.298
Reiknuð skatteign .....	10	210.038.373	200.500.090
Aðrar eignir .....		312.933.801	326.250.135
		<u>5.631.530.804</u>	<u>5.665.174.551</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Samningsbundinn sýningarréttur .....	8	1.001.263.109	1.011.846.517
Viðskiptakröfur .....		335.559.915	431.509.896
Aðrar skammtímakröfur .....		81.028.943	21.126.465
Handbært fé .....		20.368.403	2.552.423
		<u>1.438.220.371</u>	<u>1.467.035.300</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>7.069.751.176</u>	<u>7.132.209.851</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		839.723.000	839.723.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		265.253.903	265.253.903
Ójafnað tap .....		(703.463.369)	(665.310.236)
Eigið fé samtals		<u>401.513.534</u>	<u>439.666.667</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....	9	3.675.384.817	3.793.064.797
Aðrar fjárskuldir .....	9	232.745.435	273.386.101
		<u>3.908.130.252</u>	<u>4.066.450.898</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	11	826.216.850	851.076.868
Skuldir við lánastofnanir .....		242.162.170	118.790.179
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	9	311.790.660	305.741.843
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....		516.959.136	473.925.830
Aðrar skammtímaskuldir .....	11	862.978.573	876.557.568
		<u>2.760.107.389</u>	<u>2.626.092.287</u>
Skuldir samtals		<u>6.668.237.641</u>	<u>6.692.543.185</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>7.069.751.176</u>	<u>7.132.209.851</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi

	1.1.2016 - 30.6.2016	1.9.2014- 30.6.2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður tímabilsins .....	98.303.846	224.320.346
Afskriftir .....	146.843.328	244.469.538
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>245.147.174</b>	<b>468.789.884</b>
Sýningarréttur, lækkun (hækkun) .....	25.869.826	(89.575.320)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun (hækkun) .....	49.363.836	(37.247.638)
Rekstartengdar skuldir, lækkun (lækkun) .....	(37.793.039)	90.169.174
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>282.587.797</b>	<b>432.136.100</b>
Innborgaðir vextir .....	1.756.711	1.928.688
Greiddir vextir .....	(105.559.572)	(179.067.954)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>178.784.936</b>	<b>254.996.834</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	(129.664.003)	(222.411.205)
Keyptar óefnislegar eignir .....	(2.600.047)	0
	<b>(132.264.050)</b>	<b>(222.411.205)</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Afborganir langtímaskulda .....	(152.076.897)	(56.685.710)
Nýjar langtímaskuldir .....	0	17.649.591
Breyting skulda við lánastofnanir .....	123.371.991	4.554.984
	<b>(28.704.906)</b>	<b>(34.481.135)</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....	17.815.980	(1.895.507)
Handbært fé í upphafi tímabils .....	3.854.079	5.608.303
Gengismunur af handbæru fé .....	0	141.282
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....	<b>21.670.059</b>	<b>3.854.079</b>



## Yfirlit um eigið fé

---

	Hlutafé *	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Ójafnað tap	Eigið fé Samtals
Staða 1.9.2014.....	839.723.000	265.253.903	(723.124.989)	381.851.915
Heildarafkoma tímabilsins.....	0	0	(35.744.667)	(35.744.667)
Staða 30.6.2015.....	<u>839.723.000</u>	<u>265.253.903</u>	<u>(758.869.656)</u>	<u>346.107.248</u>
Staða 1.1.2016.....	839.723.000	265.253.903	(665.310.235)	439.666.667
Heildarafkoma tímabilsins.....	0	0	(38.153.133)	(38.153.133)
Staða 30.6.2016.....	<u>839.723.000</u>	<u>265.253.903</u>	<u>(703.463.369)</u>	<u>401.513.534</u>

\* Útgefnir hlutir í lok tímabils eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, svo sem rekstur hljóðvarps og sjónvarps. Nánar er kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi frá 5. apríl 2016, milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra. Höfuðstöðvar félagsins eru að Efstaleiti 1, Reykjavík.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

### Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningstímabilið 1. janúar 2016 til 30. júní 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningur Ríkisútvarpsins ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1. september 2014 til 31. desember 2015.

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok reikningstímabilsins 30.6.2016, breytingar á þeim og nýjar túlkarnir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja og/eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Áhrif þeirra á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð árshlutareikningsins er sömu reikningsskilaaðferðum beitt og við gerð árshlutareiknings fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast árshlutareikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.ruv.is](http://www.ruv.is). Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlegan staðal krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Skýringu 7, varanlegir rekstarfjármunir. Mat stjórnenda á hrakvirði og líftíma eigna.

Skýringu 10, reiknuð skattaeign. Mat stjórnenda á framtíðarnýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi.

# Skýringar

Reikningsári Ríkisútvarpsins ohf. var breytt í ársbyrjun 2015, rekstrartímabilið var frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir en er nú frá 1. janúar ár hvert til 31. desember sama ár. Þessi árshlutareikningur sýnir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016. Ekki er til árshlutauppgjör fyrir sama tímabil frá fyrra ári en síðasta árshlutauppgjör sýnir rekstrartímabilið 1. september 2014 til 30. júní 2015, eða 10 mánuði. Til glöggvunar fyrir lesandann er síðasta árshlutauppgjöri skipt upp í tvö tímabil hér að neðan, 1.9.2014-31.12.2014 og 1.1.2015-30.6.2015. Könnun endurskoðenda nær ekki til skiptingarinnar á milli tímabila.

## Yfirlit um heildarafkomu eftir tímabilum

	1.1.2016 - 30.6.2016	1.1.2015 - 30.6.2015	1.9.2014 - 31.12.2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Almannaþjónusta .....	1.882.500.001	1.828.729.368	1.137.290.699
Samkeppnisrekstur .....	1.123.152.674	1.010.661.496	799.804.594
<b>Rekstrargjöld</b>			
Almannaþjónusta .....	(2.477.874.677)	(2.240.795.314)	(1.707.267.276)
Samkeppnisrekstur .....	(282.630.824)	(273.741.369)	(85.892.313)
Afskriftir .....	(146.843.328)	(133.953.879)	(110.515.659)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	98.303.846	190.900.302	33.420.044
Fjármunatekjur .....	1.756.711	962.146	966.542
Fjármagnsgjöld .....	(169.392.622)	(194.033.063)	(91.061.170)
Gengismunur .....	21.640.649	23.679.829	(9.515.465)
Hrein fjármagnsgjöld .....	(145.995.262)	(169.391.088)	(99.610.092)
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b>	(47.691.416)	21.509.214	(66.190.048)
Tekjuskattur .....	9.538.283	(4.301.843)	13.238.010
<b>Tap og heildarafkoma</b>	(38.153.133)	17.207.371	(52.952.039)

# Skýringar

## 4. Rekstur deilda

Samkvæmt 6. gr. laga um fjölmiðil í almannabjónustu nr. 23/2013 ber Ríkisútvarpinu ohf. að halda fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlabjónustu í almannabágu aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins. Skal hlutlæg kostnaðaradgreining á almannabjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins byggð á ársreikningi félagsins, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur.

### Rekstur fjölmiðils í almannabágu greinist þannig:

	1.1.2016 - 30.6.2016	1.9.2014 - 30.6.2015
Þjónustutekjur .....	1.882.500.001	2.965.709.600
Styrkir og aðrar tekjur .....	0	310.467
	<u>1.882.500.001</u>	<u>2.966.020.067</u>
Réttindagreiðslur vegna dagskrár .....	(515.326.949)	(868.389.003)
Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostnaður vegna dagskrár .....	(1.363.821.804)	(1.979.349.538)
Tæknikostnaður, rekstur áhalda og tækja og hugbúnaður .....	(146.145.665)	(249.954.400)
Kostnaður vegna dreifikerfis .....	(220.248.584)	(341.483.801)
Annar beinn kostnaður vegna dagskrár .....	(129.583.344)	(199.744.822)
Kostnaður vegna skrifstofu útvarpsstjóra, fjármáladeildar og stjórnar .....	(114.702.510)	(214.427.420)
Rekstur húsnæðis og annar rekstrarkostnaður .....	(144.043.498)	(253.544.711)
Hlutdeild samkeppnisrekstrar í kostnaði .....	155.997.677	158.831.105
	<u>(2.477.874.677)</u>	<u>(3.948.062.591)</u>
	<u>(595.374.676)</u>	<u>(982.042.524)</u>
Rekstrartap af fjölmiðli í almannabágu		

### Rekstur samkeppnisrekstrar greinist þannig:

	1.1.2016 - 30.6.2016	1.9.2014 - 30.6.2015
Tekjur af samkeppnisrekstri .....	1.123.152.674	1.810.466.089
Hlutdeild í kostnaði fjölmiðlabjónustu .....	(155.997.677)	(158.831.105)
Beinn kostnaður vegna samkeppnisrekstrar .....	(126.633.147)	(200.802.577)
	<u>(282.630.824)</u>	<u>(359.633.682)</u>
	<u>840.521.850</u>	<u>1.450.832.407</u>
Rekstrarhagnaður af samkeppnisrekstri		

# Skýringar

## 5. Launamál

### Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	1.1.2016 - 30.6.2016	1.9.2014 - 30.6.2015
Heildarlaun .....	1.074.003.079	1.544.877.443
Lífeyrissjóður .....	109.882.982	160.996.682
Önnur launatengd gjöld .....	108.866.706	165.577.937
	<u>1.292.752.767</u>	<u>1.871.452.062</u>
Heildarstöðugildi .....	256	257

Gjaldfærð heildarlaun og þóknanir til æðstu stjórnenda félagsins, annarra en útvarpsstjóra, námu 56,5 milljónum króna á reikningstímabilinu 1. janúar 2016 til 30. júní 2016 (1.9.2014-30.6.2015 84,8 milljónir króna) Heildarlaun og þóknanir útvarpsstjóra námu 10 milljónum króna á reikningstímabilinu (1.9.2014-30.6.2015, 14,3 milljónir króna). Stjórnarlaun námu 6 milljónum króna (1.9.2014-30.6.2015, 9,5 milljónir króna).

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	1.1.2016 - 30.6.2016	1.9.2014 - 30.6.2015
Vaxtatekjur .....	1.756.711	1.928.688
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(156.880.881)	(259.382.841)
Önnur vaxtagjöld .....	<u>(12.511.741)</u>	<u>(25.711.392)</u>
	<u>(169.392.622)</u>	<u>(285.094.232)</u>
Gengismunur .....	21.640.649	14.164.364
Hrein fjármagnsgjöld samtals .....	<u>(145.995.262)</u>	<u>(269.001.180)</u>

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða 1.9.2014.....	3.170.421.292	613.143.996	1.598.829.406	65.700.000	5.448.094.693
Eignfært á tímabilinu .....	0	16.804.251	354.118.888	0	370.923.139
Niðurlagt á tímabilinu .....	0	(162.011.373)	(49.569.780)	0	(211.581.153)
Staða 31.12.2015.....	3.170.421.292	467.936.874	1.903.378.514	65.700.000	5.607.436.679
Eignfært á tímabilinu .....		11.192.052	118.471.951	0	129.664.003
Staða 30.6.2016.....	3.170.421.292	479.128.926	2.021.850.467	65.700.000	5.737.100.682
<b>Afskriftir</b>					
Staða 1.9.2014.....	0	342.052.846	586.255.808	388.800	928.697.454
Afskrift tímabilsins .....	0	74.507.432	247.122.823	69.913	321.700.168
Niðurlagt á tímabilinu .....	0	(145.765.002)	(49.304.382)	0	(195.069.384)
Staða 31.12.2015.....	0	270.795.276	784.074.249	458.713	1.055.328.238
Afskrift tímabilsins .....	0	15.529.132	111.988.872	130.359	127.648.363
Staða 30.6.2016.....	0	286.324.408	896.063.121	589.072	1.182.976.601
<b>Bókfært verð</b>					
Staða 31.12.2015.....	3.170.421.292	197.141.598	1.119.304.265	65.241.287	4.552.108.441
Staða 30.6.2016.....	3.170.421.292	192.804.519	1.125.787.346	65.110.928	4.554.124.082
Afskriftarhlutföll .....	0%	6-30%	7-20%	0-1%	

Vegna lánasamninga við Landsbanka Íslands er þinglýst kvöð á fasteign félagsins að Efstaleiti 1 um að hún verði ekki veðsett.

	Fasteignamat 2016	Brunabótamat 2016	Bókfært verð
Efstaleiti 1 .....	3.895.550.000	4.294.150.000	3.170.421.292
Dreifikerfi .....	404.799.000	512.455.000	192.804.519
Aðrar eignir .....	0	0	1.190.898.272
	4.300.349.000	4.806.605.000	4.554.124.082

# Skýringar

## 8. Samningsbundinn sýningarréttur á innlendu og erlendu dagskrárefni

	Sammingsbundinn sýningaréttur
Staða 1.9.2014.....	1.403.633.729
Keypt efni á tímabilinu .....	885.883.321
Sýnt efni á tímabilinu .....	(895.310.312)
Aðrar breytingar .....	6.294.077
Staða 31.12.2015.....	1.400.500.815
Keypt efni á tímabilinu .....	315.966.067
Sýnt efni á tímabilinu .....	(372.114.943)
Aðrar breytingar .....	30.279.050
Staða 30.6.2016.....	1.374.630.989
Flokkað meðal fastafjármuna .....	373.367.880
Flokkað meðal veltufjármuna .....	1.001.263.109
	1.374.630.989

Niðurfærsla sammingsbundins sýningarréttar nemur 33,1 milljón króna (31.12.2015: 51,1 milljón króna). Samningsbundinn sýningarréttur félagsins er ekki veðsettur.

## 9. Langtímaskuldir

	30.6.2016	31.12.2015
Skuldir í DKK .....	66.560.922	87.088.789
Verðtryggðar skuldir í ISK, vextir 5,0% .....	3.035.920.816	3.124.645.186
Óverðtryggðar skuldir í ISK 7,95% .....	884.693.739	887.072.665
	3.987.175.477	4.098.806.640
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(311.790.660)	(305.741.843)
Langtímaskuldir alls .....	3.675.384.817	3.793.064.797
<b>Aðrar fjárskuldir</b>	<b>30.6.2016</b>	<b>31.12.2015</b>
Langtímaskuldir vegna sammingsbundins sýningarréttar.....	232.745.435	273.386.101

# Skýringar

## 10. Reiknuð skatteign

	Reiknuð skattinneign
Staða 1.1.2016.....	200.500.090
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins .....	9.538.283
Staða 30.6.2016.....	210.038.373

Reiknuð skatteign er færð í efnahagsreikning félagsins þegar líklegt er talið að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Það er mat stjórnenda að undirliggjandi rekstur muni skila skattskyldum hagnaði á næstu reikningstímabilum og verulegar líkur séu á að ekki líði langur tími þar til gengið verði endanlega frá sölu á eignum og muni það leiða til skattskylds söluhagnaðar. Það er því mat stjórnenda að rétt sé að færa upp skatteign og við mat á fjárhæð hennar er horft til þess skattalega taps sem talið er að muni nýtast.

## 11. Peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	30.6.2016	31.12.2015
Innlendar viðskiptaskuldir.....	636.478.977	575.639.615
Erlendar viðskiptaskuldir.....	189.737.872	275.437.253
	826.216.849	851.076.868

### Aðrar skammtímaskuldir

	30.6.2016	31.12.2015
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	800.000.000	800.000.000
Ógreiddir áfallnir vextir.....	51.712.477	53.459.144
Aðrar skammtímaskuldir.....	11.266.096	23.098.424
	862.978.573	876.557.568



# Skýringar

## 12. Kennitölur

	1.1.2016	1.9.2014
	30.6.2016	31.12.2015
Úr yfirliti um heildarafkomu:		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	245.147.174	810.564.401
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur .....	8,2%	10,4%
Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur .....	3,3%	5,4%
Afkoma tímabilsins / rekstrartekjur .....	-1,3%	0,7%
Hlutfall þjónustutekna af rekstrartekjum .....	62,6%	62,9%
Hlutfall tekna af samkeppnisrekstri af rekstrartekjum .....	37,4%	37,1%
Hlutfall kostnaðar vegna þjónustusamnings af rekstrartekjum .....	82,0%	82,3%
Úr efnahagsreikningi:	30.6.2016	31.12.2015
<b>Greiðsluhæfi</b>		
Lausafjárhlutfall .....	0,16	0,17
Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		
Veltufjárhlutfall .....	0,52	0,57
Veltufjármunir/skammtímaskuldir		
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>		
Eiginfjárhlutfall .....	0,06	0,06
Eigið fé/heildarfjármagn		

## 13. Rekstrarhæfi

Félagið vann að sölu bygginarréttar á lóð Ríkisútvarpsins á árinu 2015 í því skyni að létta á skuldastöðu félagsins. Þann 13. október 2015 var undirritaður samningur um sölu byggingarréttar og fór fyrsta greiðslan, 800 milljónir króna, að stórum hluta til uppgreiðslu lána. Gert er ráð fyrir að söluhagnaður byggingarréttar verði færður á yfirstandandi rekstrarári, þegar fyrirvarar eru ekki lengur fyrir hendi. Varlega áætlað söluverð er 1.600 milljónir króna.

Þá hefur Landsbankinn, aðalviðskiptabanki félagsins, gefið út yfirlýsingu þess efnis að hann muni ekki nýta heimild sína til gjaldfellingar lána vegna brota á ákvæðum lánasamninga um eignfjárhlutfall vegna tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2016.

Fyrir liggur að þrátt fyrir nýlega sölu eigna mun Ríkisútvarpið, þegar fram líða stundir, ekki geta staðið undir greiðslum afborgana af láni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins m.v. vaxtakjör og greiðsluskilmála lánsins, væntar tekjur félagsins og kröfu um óbreytta starfsemi. Stjórn félagsins mun halda áfram að leita varanlegra lausna varðandi lánið og yfirskuldsetningu félagsins.

## 14. Samþykkt ársreiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 31. ágúst 2016.